



AÐ ÁTTA SIG Á KJARVAL

Í tilefni Listahátíðar var í gær opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarval, en á þeirri sýningu er nýstárleg tilraun: Yfir 250 prentaðar myndir af verkum listamannsins, sem raðað er upp eftir tímaröð.

Nú þegar aðeins vantar liðlega þrjú ár uppá aldarafmæli Jóhannesar S. Kjarval — og rétt tíu ár liðin frá því hann féll frá — erum við enn að reyna að átta okkur á þessum stórmeistara íslenskrar myndlistar. Varla liður svo ár án þess að til komi ný umfjöllun um hann. Þess er skemmst að minnast, að í fyrra kom út fögur myndabók, þar sem áherzla er lögð á að sýna, hve marghlíða listamaður hann var. Á listahátíð í ár er Kjarval enn á dagskrá — á þeim stað, sem ber nafn hans og þar sem haldið verður áfram að kynna hann.

Á Kjarvalsstöðum hefur annar sýningarsalurinn löngum verið hafður til sýninga á þeim verkum listamannsins, sem eru í eigu Reykjavíkurborgar. Sé áætlað, að samtals muni vera til um 6 þúsund teikningar og málverk eftir Kjarval, liggur ljóst fyrir, að borgin á ekki nema örlítið brot af lífsverki hans. Engu að síður eru mörg frábær verk í því safni og þyrfti að vera fjárhagslegt bolmagn til þess að auka við þetta safn á ári hverju.

Hugmyndir um söfn hafa breyzt frá því sem var. Safn þarf að vera lífandi stofnun; ekki gengur að sömu verkin hangi þar sífellt í sömu skorðum. Í samræmi við þær hugmyndir er nú efnt til nýstárlegrar Kjarvalssýningar á listahátíð og tilgangurinn er sá að átta sig á Kjarval og reyna að sjá feril hans í réttu samhengi. Nú liggur í hlutarins eðli, að þetta er ekki hægt með því að raða upp lífsverki hans, sjálfum myndunum, sem liggja eftir hann frá sjö áratuga starfi. Þess í stað er sótt í allt það, sem birt hefur í bókum og sýningarskrám. Sé því smalað saman eins og gert hefur verið, kemur í ljós, að það er ekkert smáræði, sem búið er að birta á prenti um og eftir Kjarval. En úr þessu hráefni hefur verið sett saman stórfróðleg myndröð, þar sem ferill listamannsins kemur í ljós, áratug eftir áratug.

Umsjón með sýningunni hafa þau Þóra Kristjánsdóttir, listráðunautur Kjarvalsstaða, Gylfi Gíslason myndlistarmaður og Jóhannes S. Kjarval arkitekt, sonarsonur listamannsins. Þegar mig



Piltur og stúlka. Teikning með bleki á pappír.

þar að garði á Kjarvalsstöðum, hafði Gylfi komið fyrir um 250 prentuðum myndum á langborðum og enn voru að bætast við ljósmyndir af Kjarvalsmyndum í einkaeign. Þetta var mikið þúsluspil og Gylfi kvað það hafa verið heillandi viðfangsefni að koma því saman.

„Hugmyndin er þannig upp sprottin,“ sagði Gylfi, „að í bandarísku tímariti, Time eða Newsweek, sá ég umfjöllun um Picasso á einhverju stórafmæli hans. Það var gert með því að birta urmul af myndum frá þróunarferli Picassos í frímerkjastærð. Engu að síður gaf þetta einstaklega skýra mynd af langri leið listamannsins. Ég hafði þetta í huga, þegar Þóra hafði samband við mig um aðstoð við fyrirhugaða Kjarvalssýningu: Að koma upp sýningu innan sýningarinnar, þar sem reynt yrði að rekja ferilinn með prentuðum myndum. Og nú er þetta að verða til.“

Þegar gengið er meðfram röðinni, sjáum við fyrst myndirnar frá skútuárunum og námsárunum ytra. Við sjáum hvernig Jóhannes Sveinsson byrjar á landslagsmálverkinu í hefðbundnum stíl með forgrunni og bakgrunni og við sjáum áhrifin frá Turner, sem verða til þess að þetta hættir að vera svona lagskipt, en rennur meira í samofna litahell. Í því sambandi er fróðlegt að vitna í grein, sem þúsundþjalasmiðurinn Emil Thoroddsen skrifaði um Kjarval í bókina Íslenszk myndlist og Kristján Friðriksson gaf út 1943:

„Það skal þó sagt, að í augum okkar samtíðarmannanna eru hinar óhlutrænu „fantasíur“ hans hvað síztar að listgildi öllu, enda hefir hann með vaxandi aldri og þroska smám saman fjarlægst áhrif frá Turner, sem hann varð fyrir á fyrstu námsárum sínum í London, en Turner sem hylur ávallt

formið og uppleysir það, er óneitanlega ekki heppilegur lærifaðir upprennandi málara.“

Þetta sagði Emil 1943. Nú erum við áreiðanlega flest alveg ósammála honum um síðra listgildi fantasíumynda Kjarvals. Og eftir margar ferðir á vit Turners í National Gallery og Tate Gallery í London er ég ekki í neinum vafa um, að það hefur einungis verið Kjarval til góðs að taka á sig þann krókinn á leiðinni í danska akademíið.

Eftir lokapróf þaðan 1918 er Kjarval orðinn fullproskaður málari og við sjáum þarna myndir hans frá þriðja áratugnum, þegar hann var fjölskylduafaðir við kröpp kjör í Reykjavík. Frá þeim tíma eru fresco-myndirnar í Landsbanka Íslands, ýmsar merkilegar fantasíur og andlitsmyndir, sem skipa honum í röð stórmeistara í teikningu. Í því sambandi er vert að minna á litla olíumynd, sem ég held að hafi ekki verið sýnd áður: Sjálfsmynd, þar sem örvæntingarsvipur er á andliti listamannsins, en Tove kona hans er þarna einnig í prófil.

„Ég hafði séð þessa mynd áður og þótti hún alls ekki merkileg á móti ýmsu öðru, þar til ljóst var, að hún er máluð sama árið og þau skildu Kjarval og Tove. Þá skilur maður spennuna, sem þarna er á ferðinni og myndin öðlast alveg allt aðra og dýpri merkingu,“ sagði Gylfi.

Og þá komum við enn að því, sem oft er þrástagað á; nefnilega því, að mynd eigi einungis að vera „veizla fyrir augað“ og það breyti engu af hverju hún sé, eða fyrir hvað hún standi. En þessi orð Gylfa eru einmitt sláandi í þá veru, að svona er þessu ekki varið. Verkið öðlast andlegt gildi til viðbótar við það myndræna, vex og verður verðmætara.

Við höldum áfram að gaumgæfa röðina. Þegar kemur fram yfir 1930, sést að nú tekur Kjarval landslagið nýjum tókum og leggur vaxandi áherzlu á það. Margir halda að hraun og mosi hafi alla tíð verið uppistaðan í verkum Kjarvals, en það rétta er, að hann er orðinn 45 ára, þegar hann fer að glíma við þetta myndefni, sem á eftir að verða aðdændum hans